



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 4/2015

Auglýsingar Pennans hf. á skólavörum

I. Erindið

Með bréfi A4, dags. 22. ágúst 2014, barst Neytendastofu kvörtun yfir auglýsingum Pennans hf., sem sendar hafi verið neytendum í tölvupósti. Telur fyrirtækið auglýsingarnar brot á ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í auglýsingunum sé fullyrt að Penninn sé ódýrastur og styðjist fullyrðingin við könnun Pennans með úrtaki sem sé 1. bekkur í Ölduselsskóla, en bekkur og skóli hafi verið valdir af handahófi.

Kannanir af þessu tagi sem ekki eru opinberar séu ekki marktækar. Neytendastofa og áfrýjunarnefnd neytendamála hafi staðfest að slíkar kannanir séu ekki þess eðlis að hægt sé að nota niðurstöður þeirra sem fullyrðingar í auglýsingum.

Úrtakið sem stuðst sé við sé með engu móti marktækt og þurfi mun stærra úrtak unnið af opinberum eða óháðum aðila svo hægt sé að byggja auglýsingar á slíkum verðkönnunum.

Fyrirtæki þurfi að geta fært sönnur á allar fullyrðingar sem fram komi í auglýsingum þeirra. Takist það ekki sé auglýsingin til þess fallin að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjörn gagnvart keppinautum sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Með háttseminni telji A4 að verið sé að brjóta í bága við framangreint ákvæði auk 5. gr., 8. gr., 9. gr. og 14. gr. sömu laga. Auglýsingin sé auk þess röng og villandi þar sem Penninn velji dýrar vörur af vörulista A4 og fái þannig út að vörur frá A4 séu dýrari.

Farið sé fram á að Neytendastofa banni auglýsingarnar.



II.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neftendastofu til Pennans, dags. 27. ágúst 2014, var bréf A4 sent Pennanum til umsagnar. Svar Pennans er dags. 4. september 2014. Þar segir að Penninn reki bóka- og ritfangaverslanir undir vörumerkjum Griffill og Eymundsson. Þriðjudaginn 20. ágúst hafi Penninn framkvæmt verðkönnun hjá tveimur helstu keppinautum fyrirtækisins á skólavörum, A4 Skrifstofu og skóla ehf. (A4) og Heimkaupum. Í kjölfarið hafi Penninn sent tölvupóst til meðlima vildarklúbbs fyrirtækisins þar sem niðurstöður könnunarinnar hafi verið kynntar. Jafnframt hafi ítarlega verið skýrt hvernig staðið hafi verið að könnuninni. Ástæða könnunarinnar hafi verið sú að ofangreindir aðilar hafi boðið á markaði ákveðna þjónustu sem eingöngu hafi verið fáanleg á netverslunum þeirra. Um hafi verið að ræða einfalda og fljótlega leið fyrir neytendur að kaupa skólavörur samkvæmt þessum listum frá hverjum kennara/bekk/skóla. Þar sem innkaupalistar séu mismunandi milli bekkja/skóla þá hafi verið búið að setja upp sérvalið úrval af skólavörum samkvæmt þessum listum inn á heimasíðurnar. Þessi þjónusta sé ekki fáanleg í verslunum þar sem tilbúnir pakkar séu til fyrir alla skóla landsins. Nauðsynlegt hafi þótt að viðskiptavinir vissu af því að Penninn væri einnig að bjóða upp á þessa lausn enda höfðu fjölmiðlar fjallað mikið um heimkaup.is án þess að geta þess að aðrir hafi boðið upp á samskonar þjónustu.

Líkt og fram hafi komið í tölvupósti Pennans til vildarklúbbsmeðlima hafi verðkannanirnar farið þannig fram að starfsmaður Pennans hafi heimsótt vefsíður þessara keppinauta sinna milli kl. 16:50 og 17:08 hinn 20. ágúst sl. Á báðum vefsíðum hafi mátt finna svonefnda skólalista þar sem hægt hafi verið að velja bæði skóla og bekk. Af handahófi hafi starfsmaðurinn valið 1. bekk í Ölduselsskóla og hafi þá fengið upp lista af skólavörum sem fyrirtækin sjálf höfðu valið á listann. Penninn sé einnig með sams konar lista á heimasíðu Griffils. Listarnir byggist á upplýsingum frá grunnskólunum sjálfum um það hvaða námsgögn nauðsynlegt sé að kaupa fyrir nemendur viðkomandi bekkjar í viðkomandi skóla. Því sé eðlilegt að listarnir séu allir eins.

Penninn hafi því næst borið saman verð einstakra vara sem hafi komið fram á listunum og fyrirtækin höfðu sjálf valið á listann. Tekið skuli fram að hvorki á heimasíðu A4 né Heimkaupa hafi verið hægt að skipta út vöru á listanum fyrir aðra vöru t.d. dýrari eða ódýrari vöru. Listarnir þrír hafi síðan verið bornir saman og niðurstaðan verið sú að þessi sami listi af skólavörum fyrir 1. bekk í Ölduselsskóla hafi verið ódýrastur hjá Pennanum. Þessi aðferð við könnunina, sem sé fyllilega sanngjörn, eðlileg og réttlætanleg hafi verið útskýrð nákvæmlega í tölvupóstinum, og því tekið skýrt fram við hvaða upplýsingar könnunin hafi stuðst og miðast. Fyrirsögnin í tölvupóstinum hafi verið: „Við erum ódýrari!“. Jafnframt hafi viðtakendur tölvupóstsins verið hvattir til að gera eigin verðkönnun við kaup á skólavörum.



A4 hafi fjarlægt aðgengi að listanum á forsíðu sinni eftir að hafa sent Neytendastofu kvörtunina.

Fullyrðing A4 í kvörtun sinni um að verðkönnun Pennans hafi verið röng og villandi, því Penninn hafi valið dýrari vörur af lista af vörulista A4 sé röng. Penninn hafi ekki valið vörurnar af listanum heldur hafi A4 verið búið að gera það sjálf. Sama eigi við um Heimkaup. Ekkert sé að marka lista þann sem A4 hafi látið fylgja kvörtun sinni til Neytendastofu. Verð á þeim lista stangist meira að segja á við verð á lista fyrirtækisins eins og hægt sé að skoða hann í dag á heimasíðu A4. Sé upphaflegur listi borinn saman við handunnin lista A4 sem fylgt hafi kvörtuninni megi sjá að sum verð stemmi ekki.

Penninn mótmæli þeirri fullyrðingu A4 að óheimilt sé að nota í auglýsingum verðkannanir sem aðilar framkvæmi sjálfir. Ekki sé að sjá að nokkur rök standi til þess þegar fyrir liggi að verð keppinautar séu rétt birt. Svokallaðar samanburðarauglýsingar þar sem vitnað sé beint eða óbeint til keppinauta séu ekki bannaðar. Skv. 15. gr. laga nr. 57/2005 verði þær þó að lúta ákveðnum skilyrðum. Í bréfi A4 sé hvergi rökstutt að verðkönnun og orðsending til vildarklúbbsmeðlima Pennans hafi brotið gegn þeim skilyrðum enda hafi legið fyrir að hún hafi ekki verið villandi á nokkurn hátt. Samanburðurinn hafi tekið til vara sem séu ætlaðar til sömu nota reyndar hreinlega til sömu vara. Ekki hafi verið unnt að villast á keppinautum og engri rýrð varpað á vörumerki keppinautar. Skilyrði samanburðarauglýsinga hafi því verið að öllu leyti uppfyllt.

Þá fái Penninn ekki séð að verðkönnunin og orðsendingin sem sendar voru vildarklúbbsmeðlimum hafi að öðru leyti brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Á engan hátt sé rökstutt í kvörtun A4 hvernig brotið sé gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Á engan hátt sé rökstutt í kvörtuninni hvernig brotið hafi verið gegn 5., 8., 9. eða 14. gr. laganna, að öðru leyti en því að fullyrt sé að Penninn hafi valið dýrari vörur á verðlista A4 en hægt hafi verið að fá í verslun A4. Þetta sé rangt þar sem aðeins hafi verið notaður fyrirfram gerður listi skólavara sem A4 hafði útbúið og ekki hafi verið hægt að breyta. Verð á þeim vörum hafi verið borið saman við verð Pennans. Þessar upplýsingar hafi verið sendar vildarklúbbsmeðlimum Pennans ásamt skýringum á því hvað væri borið saman.

Í kvörtun A4 sé því ranglega haldið fram að Penninn hafi fullyrt að fyrirtækið væri ódýrast. Penninn hafi ekki fullyrt í orðsendingunni að fyrirtækið væri ódýrast heldur að miðað við úrtakið væru skólavörur Pennans ódýrari en þessara helstu keppinauta eftir að hafa kannað það sérstaklega. Þá sé í orðsendingunni hvatning til vildarklúbbsmeðlima um að þeir geri eigin verðsamanburð.

Verðsamanburður Pennans hafi í alla staði verið sanngjarn, heiðarlegur og réttlátur. Það sama verði ekki sagt um háttsemi A4 sem hafi reynt að fela verðlistann á heimasíðu sinni sem áður hafi verið aðgengilegur á forsíðu og senda Neytendastofu fölsk verð á vörum sínum.



2.

Bréf Pennans var sent A4 til umsagnar með bréfi Neytendastofu dags. 10. september 2014. Svar A4 er dags. 17. september 2014. Þar segir m.a. að í bréfi Pennans sé gefið í skyn að nauðsynlegt hafi verið fyrir viðskiptavinum Pennans að vita af ákveðinni þjónustu sem boðið hafi verið upp á og það hafi réttlætt auglýsingu Pennans.

Þá sé því í bréfinu haldið fram að listinn hafi verið valinn af handahófi. Engin sönnunargögn hafi verið lögð fram því til staðfestu. Þá sé því haldið fram að A4 hafi leynt gögnum eða upplýsingum. Því sé alfarið hafnað sem röngu og ósönnuðu og sýni e.t.v. best hvað Penninn teygir sig langt í að reyna að réttlæta verðkönnunina.

Því sé haldið fram að ekki hafi verið hægt að velja aðrar vörur frá A4 en þær sem settar hafi verið í verðkönnun Pennans. Það sé rangt. Auðvelt hafi verið að finna ódýrari vörur.

Heimilt sé að framkvæma eigin verðkönnun og nota hana til samanburðar. Þetta sé rangt. Ekki sé heimilt að notast við verðkannanir nema frá opinberum aðilum eða viðurkenndum hlutlausum aðilum.

Heimilt sé að nota orðið „ódýrari“. Því sé mótmælt. Auglýsingin hafi falið í sér fullyrðingu um að vörur Pennans væru þær ódýrustu og vitnað til könnunar Pennans.

Fullyrðing Pennans um að A4 hafi reynt að fela verðlista á heimasíðu og senda Neytendastofu fölsk gögn sé með eindæmum og ekki svaraverð.

3.

Svar A4 var sent var sent Pennanum til umsagnar með bréfi Neytendastofu dags. 18. september 2014. Svar Pennans er dags. 24. september 2014. Þar er því mótmælt að óheimilt sé að nota verðkannanir sem aðilar framkvæmi sjálfir. Hefur A4 hvorki vísað til ákvæða laga nr. 57/2005 sem banni slíkt, né fordæma sem sýni fram á það. Samanburðarauglýsingar séu ekki bannaðar með lögum 57/2005 en slíkar auglýsingar verði að lúta ákvæðnum skilyrðum. A4 hafi ekki rökstutt að brotið hafi verið gegn umræddum skilyrðum. Þá beri að athuga að í raun hafi ekki verið um auglýsingu að ræða í skilningi laga heldur upplýsingar sem sendar hafi verið félagsmönnum vildarklúbbs Pennans. Tilkynningunni hafi ekki verið beint til ótiltekins hóps neytenda.

Þá skuli bent á að niðurstöður Neytendastofu séu ekki á þann veg að Neytendastofa telji verðsamanburð í auglýsingum almennt brot á lögum nr. 57/2005. Þá verði ekki séð að slíkur verðsamanburður verði að vera unninn af óháðum aðilum enda þess hvergi getið í framangreindum lögum

Þá sé því jafnframt mótmælt að kannanir sem þessar sem Penninn hafi framkvæmt séu almennt til þess fallnar að slá ryki í augu neytenda. Þvert á móti sé um að ræða upplýsingar



sem byggist á staðreyndum, þar sem liggja fyrir skýr og sanngjarn verðsamanburður. Í tilkynningunni liggja fyrir allar upplýsingar um það hvert upplýsingarnar hafi verið sóttar og við hvaða úrtak hafi verið stuðst. Þá séu neytendur hvattir til að gera eigin verðkannanir. Þar sem allar upplýsingar um forsendur könnunarinnar hafi legið fyrir geti tilkynningin ekki talist villandi í skilningi laga nr. 57/2005.

Þá vísi A4 til þess að ósannað sé hvort listinn sem könnunin hafi verið byggð á hafi verið valinn af handahófi. Í þessu sambandi sé ítrekað að í tilkynningunni þar sem könnunin hafi verið birt sé tekið fram hvert úrtakið sé og hvert upplýsingarnar hafi verið sóttar. Neytendur geti því tekið henni með þeim fyrirvara að verðmunur sé ekki nákvæmlega sá sami, sé annar listi valinn. Það hafi því ekki áhrif á niðurstöðu málsins hvort sannað sé að listinn hafi verið valinn af handahófi.

Í bréfinu komi fram að A4 hafni því að fyrirtækið sé að leyna ákveðnum gögnum eða upplýsingum. Þessari staðhæfingu fylgi hvorki rökstuðningur né gögn sem skýri það ósamræmi sem Penninn hafi bent á. Ósamræmið felist í því að kvörtun A4 hafi fylgt skjal sem hafi virst vera handunnið í excel, þar sem sé listi yfir vörur sem séu á öðru verði en finna hafi mátt á heimasíðu A4 við gerð könnunarinnar. Líkt og Penninn hafi bent á hafi A4 nú fjarlæggt listann sem Penninn hafi stuðst við þegar könnunin hafi verið gerð. Finna megi þó listann á tiltekinni vefslóð. Hafi Penninn lagt fram skjáskot af heimasíðu A4 af þeim lista sem stuðst hafi verið við við gerð könnunarinnar. Í ljósi þessa telji Penninn ljóst að A4 hafi reynt að leyna upplýsingum um það verð sem Penninn hafi stuðst við er könnunin hafi verið gerð.

Þá sé því andmælt að ekki hafi verið unnt að velja aðrar vörur frá A4 en þær sem birtar hafi verið í verðkönnun Pennans. Í þessu sambandi ítreki Penninn að við gerð könnunarinnar hafi verið stuðst við lista sem hafi birst á heimasíðu A4 þegar valið var „innkaupalisti fyrir skólann“, „Ölduselsskóli“ og „1. bekkur“. Þegar þetta hafi verið valið hafi komið upp þær vörur sem Penninn hafi stuðst við í könnun sinni. Vörurnar sem hafi birst á listanum hafi þannig verið valdar af A4 fyrirfram fyrir þá sem hugðust nota sér þessa leið við verslun á vörum fyrir skólann. Á heimasíðu A4 hafi hvergi komið fram að unnt sé að skipta út tilteknum vörum fyrir aðrar sambærilegar á listanum. Staðhæfingum A4 þess efnis að auðvelt hafi verið að skipta út vörum sem hafi komið upp á lista heimasíðunnar sé því mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

Penninn ítreki að í orðsendingu sinni til viðskiptavina sinna hafi ekki verið fullyrt að hann væri ódýrastur heldur einfaldlega að miðað við úrtakið væru skólavörur fyrirtækisins ódýrari en helstu keppinauta.

4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 30. september 2014, var aðilum málsins tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið og málið tekið til ákvörðunar Neytendastofu. Í bréfinu voru gögn málsins talin upp.



III. Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar kvörtun A4 yfir auglýsingu Pennans sem send var til meðlima vildarklúbbs fyrirtækisins með tölvupósti. Í kvörtuninni segir að Penninn haldi því fram að fyrirtækið sé ódýrast og styðjist sú fullyrðing við könnun Pennans á úrtaki sem sé 1. bekkur í Ölduselsskóla sem valið hafi verið af handahófi. Úrtakið sem stuðst sé við sé með engu móti marktækt og þurfi mun stærra úrtak unnið af opinberum eða óháðum aðila svo hægt sé að byggja auglýsingar á slíkum verðkönnunum. Fyrirtæki þurfi að geta fært sönnur á allar fullyrðingar sem fram komi í auglýsingum þeirra. Takist það ekki sé auglýsingin til þess fallin að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjörn gagnvart keppinautum sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Auglýsingin sé auk þess röng og villandi þar sem Penninn velji dýrar vörur af vörulista A4 og fái þannig út að vörur frá A4 séu dýrari. Með háttseminni telji kvartandi að verið sé að brjóta í bága við framangreint ákvæði auk 5. gr., 8. gr., 9. gr. og 14. gr. sömu laga.

Í gögnum frá Pennanum segir að fyrirtækið hafi gert verðkönnun hjá helstu keppinautum, þar á meðal A4. Í kjölfarið hafi Penninn sent tölvupóst til meðlima vildarklúbbs fyrirtækisins þar sem niðurstöður könnunarinnar hafi verið kynntar. Jafnframt hafi ítarlega verið skýrt hvernig staðið hafi verið að könnuninni. Þar sem innkaupalistar séu mismunandi milli bekkja/skóla þá hafi verið búið að setja upp sérvalið úrval af skólavörum samkvæmt þessum listunum inn á heimasíðurnar. Listarnir hafi síðan verið bornir saman og niðurstaðan verið sú að listi af skólavörum fyrir 1. bekk í Ölduselsskóla hafi verið ódýrastur hjá Pennanum. Þessi aðferð við könnunina, sem sé fyllilega sanngjörn, eðlileg og réttlæt看leg hafi verið útskýrð nákvæmlega í tölvupóstinum og tekið skýrt fram við hvaða upplýsingar könnunin hafi stuðst og miðast. Fyrirsögnin í tölvupóstinum hafi verið: „Við erum ódýrari!“. Jafnframt hafi viðtakendur tölvupóstsins hvattir til að gera eigin verðkönnun við kaup á skólavörum.

Penninn mótmæli þeirri fullyrðingu A4, að óheimilt sé að nota í auglýsingum verðkannanir sem aðilar framkvæmi sjálfir. Ekki sé að sjá að nokkur rök standi til þess þegar fyrir liggi að verð keppinautar séu rétt birt. Samanburðarauglýsingar þar sem vitnað sé beint eða óbeint til keppinauta séu ekki bannaðar.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður



en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. segir:

„Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þarf fyrirtæki að geta fært sönnur á.“

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 er í III. kafla laganna og á við um fjárhagslega hagsmuni neytenda. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“



Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum mega skv. ákvæðinu ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar gagnvart keppinaut auglýsanda eða stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.

Í 15. gr. laganna er fjallað um að samanburðarauglýsingar séu allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinauta eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður. Samanburðarauglýsingar eru leyfðar að uppfylltum nánari skilyrðum sem tilgreind eru í a.-h. liðum 2. mgr. 15. gr.

3.

Auglýsingu Pennans er beint til tiltekins hóps neytenda með tölvupósti. Þar er vakin athygli á verði Pennans á tilteknum skólavörum og vörur og verð borin saman við verð og vörur keppinauta, þar á meðal A4. Fyrirsögn auglýsingarinnar er „Við erum ódýrari“. Þá er einnig tekið fram að upplýsingarnar séu teknar saman eftir skólainnkaupalista Ölduselsskóla fyrir 1. bekk og að verð sé fengin af heimasíðu verslananna. Í skýringum Pennans hefur komið fram að ekki sé um að ræða auglýsingu í skilningi laga nr. 57/2005 heldur upplýsingar sem sendar hafi verið félagsmönnum vildarklúbbs Pennans. Af þessu tilefni vill Neytendastofa taka fram að ákvæði laganna taka jafnt til auglýsinga sem og annarra sambærilegra viðskiptaaðferða. Auglýsing Pennans fellur því undir gildissvið laga nr. 57/2005. Neytendastofa telur ljóst að um samanburðarauglýsingu sé að ræða, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/2005.

Gera þarf strangar kröfur til samanburðarauglýsinga þegar vörur samanburður er gerður af auglýsanda en ekki hlutlausum aðila. Á það sérstaklega við þegar fjölbreytt úrval er af þeim vörutegundum sem bornar eru saman. Í þeim tilvikum þarf sérstaklega að vanda valið bæði með tilliti til verðs og gæða auk þess sem vörurnar þurfa að fullnægja sömu þörfum eða ætlaðar til sömu nota. Í auglýsingu Pennans voru bornar saman sambærilegar vörur af tilbúnum listum A4 og Pennans en úrval vara á listunum var valið af fyrirtækjunum sjálfum með hliðsjón af fyrrgreindum skólainnkaupalista frá Ölduselsskóla en ekki einhliða af auglýsanda. Neytendastofa telur ekki sýnt fram á að samanburður Pennans sé villandi, taki til ólíkra vara eða að verðsamanburðurinn hafi verið rangur á þeim tíma sem hann var gerður. Telst auglýsingin því ekki brjóta gegn a., b. eða c. lið 2. mgr. 15. gr. laganna. Þá fæst ekki annað séð en að önnur skilyrði 2. mgr. 15. gr. laganna séu uppfyllt. Þá fær Neytendastofa ekki séð að í máli þessu skipti máli að markhópurinn sé valinn af handahófi enda kemur skýrt fram hver markhópurinn er.

Neytendastofa telur í ljósi ofangreinds að fullyrðing Pennans „Við erum ódýrari“ í fyrrgreindu samhengi sé sönnuð, sbr. 4. mgr. 6. gr. laganna. Neytendastofa telur ekki sýnt fram á að auglýsingar Pennans séu villandi og stríða þær því ekki gegn 9. gr. eða 14. gr. laganna. Auglýsingar Pennans teljast ekki til óréttmætra viðskiptahátta samkvæmt 8. gr., sbr. 5. gr. laganna. Er því ekki ástæða til frekari afskipta Neytendastofu í máli þessu.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 28. janúar 2015

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir